




## Pálmholt

GLEÐI TRAUST VIRÐING



## Lundarsel

Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman



## Lundarskóli

Þar sem okkur líður vel

### Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla 2015-2016 Lundarsel, Lundarskóli og Pálmholt

#### Tilgangur samstarfs:

Lög um leik- og grunnskóla, Aðalnámskrár og Skólastefna Akureyrarbæjar leggja áherslu á mikilvægi samfellu í uppeldi og menntun. Í Aðalnámskrá leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla sem komu út 2011 er lögð áhersla á að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Til að svo geti orðið er því afar mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er átt við að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla segir ennfremur: *Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.* Einnig segir í Aðalnámskrám beggja skólastiganna : *Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hver annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.*

Samstarfsáætlun Lundarsels, Lundarskóla og Pálmholts byggir á þessum áherslum og er mikill áhugi og vilji innan skólanna að ná þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan og fylgja samstarfsáætluninni sem eru leiðir að markmiðunum.

**Þeir sem hittast eru:** 1-2 leikskólakennarar frá hverjum leikskóla og leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri. Einn 1. bekkjarkennari og deildarstjóri yngsta stigs Lundarskóla. Á fyrsta samstarfsfund haustsins mætir einnig fulltrúi frá 6. bekk.

## Samstarfsáætlun Lundarskóla, Lundarsels og Pálmholts fyrir skólaárið 2015-2016

Mánuður	Atburður	Markmið	Tími	Mat	Annað
Sept.	Samstarfsfundur skólanna	Efla samstarf skólanna	Fimmtudagur 30. sept. kl. 13:15 í Lundarseli.	Hvað á að meta og hvernig á að meta vinnuna?	Framkvæmdaáætlun fyrir haustönn unnin. Umsjón Skólastjóri Lundarsels .
Okt.	Heimsókn 1. bekkjar í gamla leikskólann	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin	Mánudagur 12. okt. kl. 10.15.	Ánægja nemenda og öryggi. Matslistar f. nemendur beggja skólastiga. Mat kennara. <b>META</b>	1. bekkjarnemendur sækja hlut/verk sem þeir skildu eftir á leikskólanum sl. vor. Kennarar beggja skólastiga undirbúa þetta.
Nóv.	Heimsókn leikskólakennara 5 ára barna í Lundarskóla.	Að efla fagvitund kennara og auka samfellu í skólagöngu nemenda.	Miðvikudagur 18. nóv Pálmh. kl. 8.15-9.15  23. nóv Lundarsel kl. 8.15-9.15 og 10.-11.	Kynnast á hvern hátt grunnskólastigið er að vinna með læsi	Fá enn betri skilning á hvernig hitt grunnskólastigið er að vinna með læsi.
Nóv.	6. bekkur Lundarskóla fer í leikskólana og les fyrir alla nemendur	Að vera fyrirmynd fyrir leikskólanemendur. Eldri nemendur æfa upplestur fyrir Stóru upplestrarkeppnina.	Föstudaginn 13. og 20. nóv Kl. 9:45  Fram til kl. 11.15	Athygli og ánægja yngri nemenda og ánægja og frammistöðu eldri nemenda. <b>META</b>	Umsjónarkennarar 6. bekkjar undirbúa þetta ásamt deildarstjóra eldri deildar Lundarskóla. Hálfur árgangur Lsk.
Des.	Elstu nemendur leikskólanna koma á generalprufu á helgileik 1. bekkjar	Að elstu leikskólanemendur fái betri innsýn í fjölbreytt starf grunnskólans.	Miðvikudagur 18. des. tímasetning ákveðin síðar	Viðbrögð allra barnanna metin.	1. bekkjarkennarar undirbúa þetta og boða leikskólana.
Jan. 2016	1. bekkur kemur í heimsókn í leikskólann	Að hitta krakka úr gamla leikskólanum. Leika sér með þeim.	Mánudagur .11. jan kl. 10.00	Ánægja nemenda að hitta hópinn sinn aftur.	Leikskólakennararnir undirbúa þetta. 1. bekkjarkennarar skipta nem. í 3 hópa sem fara svo hver í sinn leikskóla.
Jan.	Samstarfsfundur skólanna	Að efla fagvitund kennara og auka samfellu í skólagöngu nemenda.	Miðvikudagur 20.jan kl. 13:15 Lundarskóli	Fara yfir samstarfsáætlun og meta hvernig gengur.	Umsjón með fundinum og fundarstjóri er Lundarskóli
Febrúar	6. bekkur	Að vera fyrirmynd fyrir	Föstudagur 19. og	Athygli og ánægja yngri	Umsjónarkennarar 6. bekkjar

	Lundarskóla fer í leikskólana og les fyrir alla nemendur	leikskólanemendur. Eldri nemendur æfa upplestur fyrir Stóru upplestrar-keppnina.	26. febr. kl. 9:45  Fram til kl. 11.15	nemenda og ánægja og frammistöðu eldri nemenda.	undirbúa þetta ásamt deildarstjóra eldra stigs í Lundarskóla.
Febrúar	Nem. í 6. bekk bjóða elstu börnum leikskólanna á generalprufu árshátíðaratriðis.	Að tengja saman vini á báðum skólastigum til að auka öryggi leikskólabarnanna þegar þau koma í Lundarskóla.	Þriðjudagur 1. febrúar. Nánari tímasetning kemur síðar	Ánægja með að sjá leiksýningu.	6. bekkjarkennarar finna tíma og senda á leikskólana. Þeir koma ýmist allir í einu eða á hverja sýningu. Deildarstjóri eldri deildar þarf að vita af þessu.
Mars	Elstu nemendur leikskólans fara í heimsókn í 1. bekk	Að kynnst kennslustund og dæmi um viðfangsefni þar. Nesti og frímínútur. Að leikskólanemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin.	Mánudagar Pálmholt .7. mars Lundarsel 2. og 14. mars  Klukkan 9.30	Ánægja nemenda og öryggi.	1. bekkjarkennarar undirbúa þetta. Leikskólanemendur þurfa að muna eftir nesti.
Mars	Kennarar Lundarskóla koma í heimsókn í leikskólanna.	Að efla fagvitund kennara og auka samfellu í skólagöngu nemenda.	Þriðjudagur 15. mars kl. 9.15 í Lundarsel og Pálmholt.	Kynnst á hvern hátt leikskólastigið er að vinna með læsi.	Fá enn betri skilning á hvernig leikskólastigið er að vinna með læsi.
Apríl	Elstu nemendur leikskólans fara í heimsókn í íþróttatíma með 1. bekk.	Að elstu nemendur leikskólans kynnist íþróttahúsinu og fari í tíma með 1. bekk. Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin	Miðvikudagar Pálmholt . 15. apríl Lundarsel .22.apríl 9.30-10.30	Ánægja nemenda og öryggi.	Íþróttakennarar undirbúa þetta. Leikskólanemendur þurfa að muna eftir íþróttafötum.
Apríl/Maí	Elstu nemendur leikskólans í Lundarsk. Nem. 6. bekkjar sýna þeim útisvæði Lundarskóla –frjáls leikur. Frístund	Að elstu nemendur leikskólans kynnist grunnskólanum sem þau fara í. Að leikskólanemendur finni öryggi við skólaskiptin	Þriðjudagur Pálmholt 17.feb Lundarsel 24. feb Kl. 9:30	Ánægja nemenda og öryggi. Matslistar f. nemendur beggja skólastiga. Mat kennara. <b>META</b> Allt mat sent til Hildar hildurola(hjá)akmennt.is	Forstöðumaður Frístundar sér um þetta ásamt leikskólunum og 6. bekkjarkennurum og deildarstjóra eldri deildar Lundarskóla. Hildur vinnur niðurstöður matsins.
Maí	Leikskólarnir bjóða	Tengja saman nemendur skólastiganna þ.e.	Lundarsel	Ánægja með að sjá	Leikskólakennararnir undirbúa

	1. bekk á generalprufu á því sem verið er að æfa eða eitthvað því um líkt.	verðandi 1. bekk og 2. bekk. Að auka öryggi leikskólanemenda og auðvelda þeim færslu milli skólastiga.	Föstudagur 20.maí Kl. 10.30	leiksýningu.	þetta.
Maí	Samstarfsfundur skólanna 6. bekkjar kennarar einnig.	Að efla fagvitund kennara og auka samfellu í skólagöngu nemenda.	Fimmtudagur 28. maí. Kl. 13.00 Efra Pálmholt	Umsjón með fundinum og fundarritari er Pálmholt.	Leggja drög að haustinu. Leggja mat á það sem gert hefur verið í vetur. Deildarstjóri Lundarskóla undirbýr þetta.
Maí	Elstu nemendur leikskólans skilji hlut í leikskólanum. Þeir koma svo og sækja þá síðar með samemendum úr 1. bekk.	Að tengja leik- og grunnskólann.	Öll börn í leikskólunum Lundarseli og Pálmholti geri sama hlutinn.	Ánægja nemenda og öryggi.	Leikskólakennararnir sjá um þetta.

Maí	6. bekkur heimsækir leikskólabörn og er með þeim í útiveru á lóð leikskólans eða gönguferð. Læra leiki.	Að tengja saman vini á báðum skólastigum til að auka öryggi leikskólabarnanna þegar þau koma í Lundarskóla.	Þriðjudagur 12. maí kl. 9:00-10.00.	Ánægja nemenda og öryggi.	Leikskólarnir senda nafnalista á kennara 6. bekkjar sem þurfa að vera búnir að para nemendur leikskólans og 6. bekkjar þannig að allir eigi sér eldri vin fyrir þessa heimsókn Þeir senda svo nafnalista á leikskólana. Foreldrum verður gerð grein fyrir þessari vinnu í öllum skólunum. Para ekki saman systkini.
Maí	Leikskólabörnin hitta nem. 6. bekkjar á lóð Lundarskóla og 6. bekkur kennir þeim leiki.	Að tengja saman vini á báðum skólastigum til að auka öryggi leikskólabarnanna þegar þau koma í Lundarskóla.	Þriðjudagur 20. maí kl. 12.45.	Ánægja nemenda og öryggi.	Pörunin notuð.
Maí/júní	Leikskólarnir skila gögnum til grunnskólans.	Að efla upplýsingaflæði milli leik- og grunnskólans og undirbúa komu leikskólabarnanna í grunnskólann.	Skil í síðasta lagi 29. maí.	Ánægja nemenda og öryggi.	Leikskólakennarar sjá um þetta og koma gögnunum í Lundarskóla.